

Ed.

548. Frumvarp til laga

um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 153 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Sérhverjum eiganda áhættufjárins, sbr. 3. gr., ber að afhenda skirteini, er greinir:

1. Nafn eiganda og heimilisfang.
2. Upphæð eignar.
3. Númer skirteinis.

Um skirteinin gilda reglur þær, er hér greinir, og sé þeirra getið á skirteininu:

1. Eigandi er háður lögum, sem um félagið eru sett á hverjum tíma.
2. Skirteini veitir atkvæðisrétt við kosningar í stjórn félagsins, sbr. 9. gr., samkvæmt reglum, er ráðherra setur um þá kosningu, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.
3. Féð er óuppsegjanlegt.
4. Skirteinið verður ekki framselt né veðsett eða látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki, og á hún fyrir félagsins hönd innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna.
5. Skirteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, þó aldrei yfir 5%, sbr. þó 3. lið 10. gr.
6. Skirteinum fylgir skattfrelsi samkvæmt 11. gr.

10. gr. hljóðar svo:

Tekjuafgangi félagsins skal ráðstafað þannig:

1. Í varasjóð skal fyrst leggja allt að 10%.
2. Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 5%.
3. Heimilt er stjórn félagsins að mynda arðjöfnunarsjóð og leggja í hann allt að 4% af innborguðu áhættufé á ári hverju. Sjóður þessi má þó aldrei nema meiru en 25% af innborguðu áhættufé.

Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunarsjóði, getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að meðalársarður verði 5%.

4. Sá hluti tekjuafgangs, sem eftir er, skal lagður í hinn almenna endurtryggingasjóð, að því leyti sem stjórn félagsins telur eigi þörf á að yfirfæra hann til næsta árs.

13. gr. hljóðar svo:

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum tilnefndum af ráðherra, hinum af skirteiniseigendum þeim, er kosningarrétt hafa á tveim mönnum í félagsstjórn samkv. 8. gr.

14. gr. hljóðar svo:

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga, fyrstu þrjú starfsárin eftir gildistöku þessara laga.

Skirteini þess og önnur skjöl, er það gefur út, eru ekki stimpilskyld.

21. gr. hljóðar svo:

Fyrir hvern tryggðan skipverja greiða útgerðarmenn fiskiskipa 5 rúmlesta (brúttó) og stærri kr. 1.50 í iðgjald á viku, en útgerðarmenn smærri báta kr. 0.75 á viku. Hrökkvi iðgjald þetta eigi fyrir áhættunni, greiðir ríkissjóður það, sem þá vantar á til að mæta áhættunni.

Hlunninda samkv. þessari grein njóta aðeins skip innan við 100 rúmlestir brúttó, enda hafi þau ekki siglt til útlanda á almanaksárinu.